

Til bæjarráðs

Garðabæ, 13. desember 2021
Mál nr. 2103060

Efni: Val á ráðgjöfum vegna skipulagsvinnu á þróunarsvæði A, Hafnarfjarðarvegi og Álftanesvegi frá Engidal að Reykjanesbraut.

Á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar þann 4. mars 2021 var lögð fram tillaga um að hafin yrði skipulagsvinna á rammahluta aðalskipulags fyrir þróunarsvæði A, Lyngás, miðbæ og Hafnarfjarðarveg sem skilgreint er í Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030. Árið 2016 var haldin hugmyndasamkeppni um rammaskipulag svæðisins við Hafnarfjarðarveg. Höfundar vinningstillögunnar voru Batteríið, Landslag og Mannvit sem unnu tillöguna áfram og var að lokum samþykkt sem rammaskipulag árið 2017. Málið var tekið fyrir í skipulagsnefnd 11. mars sama ár og lagt til að tækni- og umhverfissvið Garðabæjar hefði undirbúning á skipulagsvinnunni. Jafnframt lögð fram tillaga að taka með inn í vinnuna Álftanesveg frá Engidal að Reykjanesbraut.

Á fundi bæjarráðs þann 28. september 2021 var lögð fram tillaga tækni- og umhverfissviðs að auglýsa eftir ráðgjöfum til að vinna að gerð rammahluta aðalskipulags og deiliskipulagsáætlana fyrir þróunarsvæði A ásamt Hafnarfjarðarvegi milli bæjarmarka.

Auglýsing var birt á helstu miðlum þann 29. október með skilafresti til og með 18. nóvember 2021.

Fimm umsóknir bárust frá 15 ráðgjafastofum.

- Hópur 1: Yrki Arkitektar, Felíxx, VSÓ ráðgjöf og VSB verkfræðistofa.
- Hópur 2: Arkþing/Nordic og Eflu verkfræðistofa.
- Hópur 3: Hjark, SaStudio, Landmótun, VBV og Teknik verkfræðistofa.
- Hópur 4: Verkís.
- Hópur 5: Mannvit, Arkís og Landslag.

Matshópur var skipaður fimm fulltrúum; fjórum frá Garðabæ auk utanaðkomandi ráðgjafa. Í hópnum sátu Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Guðbjörg Brá Gísladóttir deildarstjóri umhverfis og framkvæmda, Gunnar Einarsson bæjarstjóri, Sólveig H. Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur og Svanhildur Gunnlaugsdóttir landslagsarkitekt hjá Landform ehf á Selfossi.

Matshópurinn fundaði sex sinnum og kallaði ráðgjafahópana á kynningafund þriðjudaginn 7. desember þar sem hver hópur fékk um 20 mínútur til að fylgja eftir umsókn sinni og í lok kynningar að svara spurningum matshóps.

Allir hóparnir skiluðu frá sér fullnægjandi gögnum og kynningum og sköpuðust góðar umræður um svæðið og greinilegt að allir umsækjendur átta sig á stærð verkefnisins sem er framundan.

Niðurstaða matshópsins er að leggja til við bæjarstjórn að leitað verði samninga við hóp 2 skipaðan ráðgjöfum frá Arkþing/Nordic og Eflu verkfræðistofu til að vinna að skipulagi þróunarsvæðis A og Hafnarfjarðarvegar eins og auglýsing skilgreindi verkefnið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026